

94

27. nóv.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1952 með viðauka.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1952 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 1935, álagðan á árinu 1952.
- b. Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkv. VII. kafla laganna, sem innheimtist með 75% álagi.
- d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréflagjald og lestagjald.
- e. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- f. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla, 2. gr., með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1951.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.